

Taxtar 2019 - skógrækt á lögbýlum

Taxtar sem eigendum eða umsjónarfólki lögbýla með skógræktarsamning er greitt eftir fyrir unnin verk

Taxtar 2019	
	Krónur/planta 2019
1. Gróðursetning	
67-gata bakki	15,85
40-gata bakki	18,73
35-gata bakki	21,51
24-gata bakki	23,06
Stiklingar	13,86
2. Áburðargjöf	
á nýgróðursetningu	8,72
á eldri plöntur	11,48
3. Handflekking	12,22
4. Erfið handflekking	15,94
5. Umsjónargjald	6,38
6. Íbætur/íblöndun	4,68
7. Plöntuflutningar kr. á plöntu	
Innan við 24,9 km frá dreifingarstöð	1,59
25-74,9 km frá dreifingarstöð	2,66
Yfir 75 km frá dreifingarstöð	3,72
8. Jarðvinnsla á hektara	38.045,00
9. Skjólbelti	<i>sjá skýringu 9</i>
10. Millibilsjöfnun í lerkiskógi	
A) fyrir tré/stofna grennri en 7 cm DBH eru greiddar kr.	81,92
B) fyrir tré/stofna sverari en 7 cm DBH eru greiddar kr.	125,48

Skýringar, sjá næstu blaðsíðu.

Skýringar

- 1. Gróðursetning.** Mismunandi gjald er greitt fyrir hverja gróðursetta plöntu eftir bakkastærð.
- 2. Áburður og áburðargjöf.** Mismunandi gjald er greitt fyrir áburðargjöf. Annars vegar er áburðargjöf á nýgróðursetningar þar sem miðað er við 12,5 gr á plöntu sem dreift er u.þ.b. 5 cm frá plöntu og ofan við standi hún í halla. Inni í gjaldinu er styrkur til áburðar-kaupa en miðað er við að notaður sé áburður með N- og P-innihaldi. Algeng hlutföll af N-P eru 26-13, 25-5, 23-12, 24-9. Hins vegar er áburðargjöf á eldri gróðursetningar. Þar er átt við árgamlar gróðursetningar og eldri. Þá miðast magnið við 25 gr á plöntu sem dreift er eins og á nýgróðursetta plöntu. Samráð skal haft við skógræktarráðgjafa ef talin er þörf á áburðargjöf á eldri gróðursetningar.
- 3. Handflekking.** Þegar gróðurhula ca. 20x20 cm er rifin af til að bæta skilyrði fyrir gróðursetta plöntu.
- 4. Erfið handflekking.** Eins og handflekking en á við um mjög grasgefið land og þéttan hrísmóa.
- 5. Umsjónargjald.** Til umsjónar telst umhirða og flutningur á plöntum á gróðursetningarsvæði, útfylling og skil á kortum og gróðursetningarskýrslum.
- 6. Íbætur/íblöndun.** Greitt er fyrir íblöndun þegar gróðursett er inn í eldri gróðursetningar. Á eingöngu við eftir ráðleggingar og samþykki ráðunautar.
- 7. Plöntuflutningar.** Greitt er fyrir hverja plöntu, fast gjald.
- 8. Jarðvinnsla.** Viðmiðunargjald ef bóndi sér sjálfur um jarðvinnslu (plæging, tæting, herfing o.s.frv.).
- 9. Um styrki til skjólbeltaræktar á jörðum** gilda eftirfarandi reglur: Skógræktin annast skipulagningu skjólbelta í samráði við ábúanda/landeiganda, eftirlit með framvindu þeirra og veitir leiðbeiningar um meðferð þeirra. Ábúandi/landeigandi sér um jarðvinnslu, áburðargjöf, fergingu, plastlagningu og vörslu skjólbeltanna (t.d. girðingar). Af fjárveitingum Skógræktarinnar til skjólbeltaræktar mun fastur vélastyrkur lækka niður í andvirði innskatts af efniskaupum (plöntur og plast). Útborgun verði þar með engin, en ábúandi/landeigandi innheimti virðisaukaskatt efnisreikninga. Innihald styrks í skjólbeltasamningi verður því eftirfarandi:
 - a. Ráðgjöf og skipulag**
 - b. Plöntur og íbætur**
 - c. Gróðursetning skv. taxta**
 - d. Plastdúkur**

Ábúandi/landeigandi skal fara eftir ráðleggingum starfsmanns Skógræktarinnar um skipulag, jarðvinnslu, plastlagningu, gróðursetningu, áburðargjöf, umhirðu og vörslu skjólbeltanna. Fari ábúandi/landeigandi ekki eftir þeim ráðleggingum fær hann ekki áframhaldandi framlög til skjólbeltaræktar. Þau skjólbelti sem verða til á þann hátt sem að framan greinir verða að öllu leyti í eigu ábúanda/landeiganda.

10. Greiðslur fyrir millibilsjöfnun í lerkiskógi og fyrir fyrstu grisjun (svæði minni en 3 ha.) í ungskógum er tvískiptur og er greitt eftir fjölda felldra trjáa. Öll grisjun umfram 3 hektara verður boðin út. Skógarbónda verður gert kleift að ganga inn í lægsta tilboð á sinni jörð ef hann óskar þess.